



Velkomin á Wikipediu,

frjálsa alfræðiritið sem allir geta unnið að.

61.145 greinar á íslensku.

[Almennt spjall](#) [Hvernig skrifa ég grein?](#) [Hjálp](#) [Fyrstu skrefin](#)

Grein mánaðarins

Írena frá Apenu



Írena frá Apenu var austrómversk keisaraynja. Hún var gift Leó 4., sem var keisari frá 775 til dauðadags árið 780. Eftir dauða Leós var Írena ríkisstjóri austrómverska keisaradæmisins frá 780 til 790 á meðan sonur hennar, Konstantínus 6., var ómyndugur. Þegar Konstantínus lést árið 797 varð Írena sjálf ríkjandi keisaraynja frá 797 til 802.

Írena keisaraynja var fyrsta konan sem fór formlega með völd í austrómverska keisaradæminu. Hún átti meðal annars frumkvæði að því að kalla saman annað Níkeupingið og fyrir því að stöðva helgimyndabrot tímabundið. Hún var einnig þekkt fyrir rausnarlega efnahagsstefnu sína og fyrir að vera sérlega vinsamleg gagnvart klaustum. Hún naut ekki eins mikillar virðingar í Vestur-Evrópu. Bæði Leó 3. páfi og Karlamagnús Frankakeisari töldu það viðurstyggð að kona færi með pólitísk völd og neituðu báðir að viðurkenna vald hennar sem keisaraynju Býsansríkisins.

Fyrri mánuðir: [Diego Maradona](#) • [Lukku-Láki](#) • [Simón Bolívar](#)

[Lesið](#)


[Tilnefna grein](#)

Vissir þú...

- ... að **Ferdinand 1. Búlgaríukeisari** var fyrsti þjóðhöfðinginn sem flaug um borð í flugvél?
- ... að flestir fræðimenn telja að **tala dýrsins**, 666, í Opinberunarbók Jóhannesar, vísi til Nerós Rómarkeisara?
- ... að **Joseph Merrick**, öðru nafni fílamaðurinn (*sjá mynd*), fékkst við að smíða vönduð smálíkon af byggingum úr pappa?
- ... að talið er að yfir 800.000 Indverjar hafi látið lífið í hefndaraðgerðum Breta gegn **uppreisninni á Indlandi** árið 1857?

- ... að kirkjan á Íslandi heyrði undir **Erkibiskupsdæmið í Bremen** frá stofnun fram til 1104 þegar erkibiskupsdæmið í Lundi var stofnað fyrir kirkjur Norðurlanda?

Úr nýjustu greinunum



Fréttir

- 8. júlí: Vopnahléi lýkur í **Íransstríðinu**.
- 29. júní: **Keiko Fujimori** (*sjá mynd*) vinnur forsetakosningar í Perú.
- 26. júní: Að minnsta kosti 1.400 manns farast eftir **jarðskjálfta í Venesúela**.
- 22. júní: **Keir Starmer** segir af sér sem forsætisráðherra Bretlands.

Yfirstandandi: Borgarastyrjöldin í Jemen • Borgarastyrjöldin í Súdan • Innrás Rússa í Úkraínu / Stríð Rússlands og Úkraínu • Íransstríðið • Stríð Ísraels og Hamas

Nýleg andlát: Lindsey Graham (11. júlí) • Bonnie Tyler (8. júlí) • Megas (6. júlí) • Þrúður Vilhjálmisdóttir (5. júlí)

Sjá aðra atburði ársins



Merkisviðburðir

17. júlí

- 2012 - Rauði krossinn lýsti því yfir að borgarastyrjöld væri hafin í Sýrlandi og þar með gildistöku alþjóðlegra mannúðarlaga.
- 2014
 - Malaysia Airlines flug 17, með 298 manns innanborðs, var skotin niður yfir austurhluta Úkraínu.
 - Ísraelsher gerði innrás í Gasaströndina.
 - Íþróttafélagið Mílan var stofnað á Selfossi.
- 2015 - Miklir skógareldar hófust í nágrenni Apenu á Grikklandi vegna hitabylgju.
- 2018
 - Frakkar sigruðu Króatíumenn í úrslitaleik heimsmeistaramóti landsliða í knattspyrnu karla og hrepptu heimsmeistaratitilinn í annað skipti í sögu keppinnar.
 - Stærsti tvíhliða viðskiptasamningur sögunnar var undirritaður milli Evrópusambandsins og Japans.
- 2019 – Eiturlyfjabaróninn Joaquín "El Chapo" Guzmán var dæmdur í lífstíðarfangelsi og 30 ár að auki.
- 2025 - Júlía Svrydenko varð forsætisráðherra Úkraínu.

Systurverkefni



Commons

Samnýtt margmiðlunarsafn



Meta-Wiki

Samvinna milli allra verkefna



Wikidata

Samnýttur þekkingargrunnur



Wikifréttir

Frjáls blaðamennska



Wikiheimild

Forntextar og frjálst efni



Wikiháskóli

Frjálst kennsluefni og verkefni



Wikifunctions

Notkun gagna með kóða



MediaWiki

Þróun hugbúnaðarins



Wikispore

Verkefni í tilraunaskyni



Incubator

Ræktun nýrra verkefna



Wikiorðabók

Orðabók og samheitaorðabók



Wikibækur

Frjálsar kennslu- og handbækur



Wikivitnun

Safn tilvitnana



Wikilífverur

Safn tegunda lífvera



Wikivoyage

Ferðaleiðarvísar



Phabricator

Hugbúnaðarvillur



WikiTech

Upplýsingar um hugbúnaðinn